



283. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 28. júní 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Berglind Axelsdóttir, BA
Egill Egilsson, EE
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG
Elín Pálsdóttir, varamaður EP
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Varaforseti bæjarstjórnar, Berglind Axelsdóttir setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 486, dags. 14.06.2012.

Fundagerð framlögð.

Liður 2 fundagerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags.15.05.2012 (146.fundur).

Fundagerð framlögð og samþykkt. Bæjarstjórn þakkar Sigurborgu Sturludóttur vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Liður 5 fundagerð skipulags- og byggingarnefndar dags. 04.06.2012 (150. fundur).

Fundagerð framlögð.

Liður 2 Nesvegur 13, breytingar á útliti og stöðuleyfi fyrir gám.

Erla Friðriksdóttir sækir um f.h. Queen Eider ehf, að lækka bílskúrshurðarop um 40-50 cm og stöðuleyfi fyrir 20 ft gámi á lóð, sbr. tölvupóst dags. 20.05.2012.

Samþykkt að uppfylltum skilyrðum um samþykki meðlóðarhafa.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Víkurgata 5, útlitsbreyting.

Heimir Laxdal Jóhannesson sækir um að setja lúgu á þak hússins við Víkurgötu 5, fyrir neyðarútgang, sbr. bréf dags. 22.05. 2012.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum og að björgunarop verði útfært í samræmi við kafla 9.5.5 í Byggingarreglugerð nr. 112/2012.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Sæferðir ehf, skilti.

Svanborg Siggeirsdóttir sækir um f.h. Sæferða ehf. að staðsetja auglýsingaskilti við upplýsingaskiltið við Aðalgötu og skilti við Stykkisbryggju sbr. bréf dags. 24.05.2012 og 30.05.2012.

Samþykkt að staðsetja auglýsingaskilti Sæferða við upplýsingaskilti sem stendur við Aðalgötu. Tekið er jákvætt í að setja upp skilti við endann á brúnni út í Stykki, en nánari úfærsla á verði gerð í samráði við Hafnarstjórn og byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Aðalgata 3, Narfeyrarstofa, stöðuleyfi fyrir smáhýsi.

Guðbrandur G. Garðarsson sækir um f.h. Narfeyrarstofu að staðsetja 15 m² hús á horninu á Aðalgötu og Austurgötu fyrir verslun, sbr. bréf dags. 30.05.2012.

Erindi synjað, m.a. þar sem tillaga að staðsetningu er á bílastæði lóðarinnar sem mun einnig skerða yfirsýn ökumanna á gatnamótum Austurgötu og Aðalgötu.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: HG

Liður 6 Aðalgata, vegstæði að golfskála.

Dagný Þórisdóttir f.h. golfklúbbsins Mostra óskar eftir að breyta aðkomu að tjaldstæði og golfskála, sbr. meðfylgjandi erindi.

Nefndin leggur til að vegstæði verði óbreytt sbr. deiliskipulagstillögu frá 2008.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Samþykkt að fresta afgreiðslu og óskað eftir fundi með stjórn golfklúbbsins.

Til máls tóku: ÍHS,BA,GDP og GS

Fundargerð samþykkt.

Liður 25 bréf 4. fl. karla í knattspyrnu, dags. 16.02.2012 varðandi styrk vegna Gothia Cup 2012.

Bæjarráð sér sér ekki fært að veita styrk.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 26 bréf Brunavarna Stykkishólms og nágrennis, dags.24.05.2012 varðandi brunahana við Aðalgötu 2.

Bæjarstjóra falið að skoða staðsetningu brunahana við Aðalgötu 2 í samráði við slökkviliðsstjóra.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP og GS

Liður 27 bréf Eyðibýli-áhugamannafélag, dags. 18.05.2012 varðandi fjárstuðning vegna verkefnisins Eyðibýli á Íslandi.

Bæjarráð sér sér ekki fært að veita styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 28 bréf golfklúbbsins Mostra, dags. 22.05.2012 varðandi styrk vegna fasteignagjalda fyrir árið 2012.

Samþykkt að veita golfklúbbum Mostra styrk að upphæð 231.451 kr.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 29 bréf Grundarfjarðarbæjar, dags. 21.05.2012 varðandi Earth Check verkefnið.

Framlagt. Bæjarráð telur umhverfissvottunarkerfnið EarthCheck mjög mikilvægt fyrir Snæfellsnes og treystir framkvæmdarráði Snæfellsness að meta verkefnið og koma með tillögur til framtíðar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GDP

Liður 30 bréf HEFST, dags.10.05.2012 varðandi göngu-og reiðstíga.

Bréfitara þakkað bréfið. Bæjarráð vísar til samkomulags við Golfklúbinn Mostra um að stígur við golfvöll, þ.e. þverun 5. brautar við 5. flöt verði opnaður eins og samþykkt var á sínum tíma. Varðandi Stykkishólmsveginn vísar bæjarráð til vinnu við skipulagningu stíga og skýrslu vinnuhóps.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 31 bréf Lionsklúbbs Stykkishólms, dags. 21.05.2012 varðandi niðurfellingu fasteignagjalda vegna ársins 2012.

Samþykkt að veita Lionsklúbbum í Stykkishólmi styrk að upphæð 136.856 kr.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 bréf Siglingastofnunar, dags. 06.06.2012 varðandi tilboð sem barst í verkið "Stykkishólmur, vatnshús".



Samþykkt að gengið verði til samninga við bjóðanda Þ.B. Borg ehf. Tilboðið er 4.291.710 kr. í byggingu vatnshúss.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP og GS

Liður 33 tölvupóstur Haraldar Sigurðssonar dags. 6.6.2012 varðandi Steinagarð Eldfjallasafns.

Bæjarráð þakkar Haraldi Sigurðssyni góðar hugmyndir og tekur jákvætt í erindið. Samþykkt að vísa bréfinu til umsagnar hjá skipulags-og bygginganefnd. Samþykkt að skipa þriggja manna vinnuhóp á næsta bæjarstjórnarfundum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Samþykkt að tilnefna Harald Sigurðsson í vinnuhóp, ásamt bæjarráði.

Til máls tóku: GDP og BA

Liður 34 tölvupóstur sýslumanns Snæfellinga dags. 08.06.2012 varðandi umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi Gistivers ehf á Aðalgötu 2 (Hótel).

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis til Gistivers ehf. á Aðalgötu 2.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 35 tölvupóstur sýslumanns Snæfellinga dags. 09.06.2012 varðandi rekstrarleyfi fyrir Hólm-inn heimagistingu að Skúlagötu 4.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir Hólm-inn heimagistingu að Skúlagötu 4.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 36 gönguleiðir, stígar og leikvelli í Stykkishólmi.

Skýrsla framlögð. Vinnuhóp þakkað fyrir frábært starf. Óskað er eftir almennt kynningu á skýrslunni frá vinnuhópnum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP,GS,HG og BA

Liður 37 tölvupóstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga varðandi hækkun grunnfjárhæðar vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna.

Samþykkt að hækka grunnfjárhæð vegna fjárhagsaðstoðar Stykkishólmsbæjar úr kr. 125.540 í 128.628.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 38 Kirkjugarðurinn í Stykkishólmi útboð í jarðvegsvinnu.



Bæjarstjóri fór yfir kostnaðaráætlun. Samþykkt að ganga til samninga við B.B. og syni. Samtals er kostnaður við framkvæmdina kr. 10.777.710. Hluttur B.B. og sona í framkvæmdinni er 9.700.000 kr. og hluttur Stykkishólmbæjar er kr. 1.077.710.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tók: GS

Liður 41 bréf skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi varðandi endurnýjun á tölvubúnaði í Grunnskólanum.

Samþykkt að veita Grunnskólanum allt að 3,3 milljónir kr. til endurnýjunar á tölvubúnaði.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 42 bréf skólastjóra Grunnskólans í Stykkishólmi varðandi kennslukvóta fyrir skólaárið 2012-2013 í Grunnskólanum.

Samþykkt að kennslukvóti fyrir skólaárið 2012-2013 verði 422 kennslustundir.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð skólanefndar, dags. 30.05.2012.

Fundargerð framlögð, **liður 2b inntökureglur Leikskólans.**

Samþykkt að vísa inntökureglum Leikskólans aftur til skólanefndar með athugasemdum og ábendingum..

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: GDP,EE,EP,ÍHS,HG og BA

2.2. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 15.05.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

2.3. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 12.04.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 31.05.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.5. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar, dags. 04.06.2012.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

3. Annað.

3.1. Flutningur Dvalarheimilis Stykkishólms í húsnaði Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Bréf til Velferðarráðherra framlagt. Samþykkt að óska eftir því við velferðarráðherra, að fá 4. hæð gömlu sjúkrahúsbyggingarinnar fyrir 5



dvalarrými, með fyrirvara um fjármögnun á hluta Stykkishólmsbæjar í þeim framkvæmdum.

Til máls tóku: GS,BA og GDP

4. **Kosningar skv. 15. og 16. gr. Samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 325/2001 (með breytingum 375/2006 og 115/2007).**

Til eins árs:

- a) Forseti bæjarstjórnar
Lárus Ástmar Hannesson
- b) Fyrsti varaforseti
Berglind Axelsdóttir
- c) Annar varaforseti
Gretar D. Pálsson
- d) Tveir skrifarar og tveir skrifarar til vara
Aðalfulltrúar:
Davíð Sveinsson
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Varafulltrúar:
Egill Egilsson
Guðlaug Ágústsdóttir

5. **Kosningar skv. 57. gr. Samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 325/2001 (með breytingum 375/2006 og 115/2007).**

A. Til eins árs:

Aðalfulltrúar

Bæjarráð

Davíð Sveinsson
Egill Egilsson
Guðlaug Ágústsdóttir

Varafulltrúar

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Gretar D. Pálsson

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Davíð Sveinsson
Egill Egilsson
Guðlaug Ágústsdóttir

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Gretar D. Pálsson

283. fundur
28. júní 2012



Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 17:53
Þór Örn Jónsson